Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Helgi Skúlason

Bjarni Benediktsson – Helgi Skúlason

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Grettisg. 6a Rvík 19/7 '46

Herra borgarstjóri Bjarni Benediktsson

Mig hefur lengi langað til að skrifa yður, þó jeg hafi ekki komið því í framkvæmd. Svo er mál með vexti, að jeg hef í 18 ár unnið á Skattstofu Reykjavíkur; aðalstarf mitt þar hefur verið, að sjá um að rétt sé talið fram verð og fyrning fasteigna, í umdæmi Reykjavíkur. Og því kem jeg að aðalefninu, að skráningin á þessu er mesta óhæfa, og borginni til minnkunar.

Það er algengt að hús og lóðir eru kölluð manna nöfnum, í staðinn fyrir að hafa sitt fasteignamats númer, og það við stuttar götur. Fyrir nokkrum árum var fjöldi húsa við Laugarnesveg undir bæjanöfnum, en svo fengu þau númer, og undu allir vel við, en því miður hefur ekkert framhald orðið á þessu. Það ætti hver fasteign að hafa sitt <u>lögboðið</u> fasteignamats númer, hvað sem nöfnum líði. Það yrði meiri vinnusparnaður við það á einu ári, en öll númerin kosta. Veit jeg það að Skattstofan, verður verst úti, vegna númeraleysisins, meðan það er lögboðið, að gefa út ~~skatt~~ útsvarsskrá eftir stafrofsröð manna, því við verðum að kasta allri spjaldskránni niður í götur fyrst, og síðan raða öllu eftir nöfnum. Þá er ekkert saligæti að eiga við Breiðholtsveg og Suðurlandsbraut, sem mér finnst fremur mætti heita Upplandsvegur, þegar kemur upp í Mosfellsveitina.

Við Kleppsveg, sem betur héti Viðeyjarvegur, er ekki eitt einasta númer, þar er nú óðum að fjölga húsunum. Við Tryggvagötu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

neðantil er aðeins númer 6, svo er Hafnarhúsið, Hafnarhvoll og Hafnarhúsið, nöfn sem sízt eru göfugri en númer. Eimskipafélagshúsið, númerslaust, á að vera 25. Hamarshús eru þar til, báðumegin götunnar númerslaus. Steindórsprent h/f, stendur á húsi við Tjarnarg., en ekkert númer, ætti að vera 4 eða 6. Ingólfshvoll númerslaus og Sambandshúsið. Vitast. Austurbæjarbarnaskóli númerslaus, þar er 8 atkvæða orð, sem mikið lengur er verið að skrifa heldur en 25. Aftan við aðrar götur eru hús með nöfnum t. d. Laufásv. Kálfakot og Kennaraskóli, mætti vel fá númer. Við Vesturg. eru Selbrekkur og Selbúðir og fleiri nöfn alveg óþörf, ef þau fengju hækkandi númer v. Vest.

Jeg hef nú ekki matið hjá mér, því jeg vinn ekki við skattstofuna á sumrin, annars gæti jeg komið með marga tatitta í skráningunni. Hefði jeg ekki skrifað þetta mín vegna því það fer nú að styttast vinna mín þarna, þar sem jeg er kominn á 80 árið, en mér fannst skylt að benda á það sem betur má fara.

Virðingarfyllst

Helgi Skúlason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur